

Mál nr. 328/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um rétt ökumanns bifreiðar til bóta fyrir líkamstjón af völdum áreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttækið 26.8.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.9.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. september 2020 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók og var kyrrstæð á Kaupþúni við gatnamót Urriðaholtsstrætis í Garðabæ. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði, dags. 30. september 2020, leitaði M á Læknavaktina 3. sama mánaðar. Kvaðst hún finna fyrir smá stífleika í baki á milli herðablaða og upp í háls. Við skoðun hafi hreyfiferill í háls-, brjóst- og lendahrygg verið í lagi. Hún hafi fengið almennar leiðbeiningar. Í beiðni heimilislæknis um sjúkraþjálfun, dags. 16. september 2020, segir að M hafi stífnað meira upp í herðum og hálsi. Við skoðun hafi hún haft eymsli yfir hálsliðum og „paraspinalt“ við þá. Einnig hafi verið mikill stífleiki og eymsli í herðum, meira hægra megin; svo og eymsli yfir hnakkafestum beggja vegna. Góður hreyfanleiki hafi verið um háls, en taki aðeins í aftan til þegar hún horfir niður. Í fyrirliggjandi meðferðayfirliti má sjá að M hafi fengið meðferð hjá sjúkraþjálfara í tíu skipti á tímabilinu 21. október 2020 til 28. apríl 2021.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir við aftanákeyrsluna. V aflaði sérstaks útreiknings, svokallaðs PC Crash útreiknings, varðandi þá þyngdarhröðun sem varð á bifreiðunum við áreksturinn. Samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu um útreikninginn, dags. 18. október 2020, mun þyngdarhröðun A við áreksturinn hafa verið -0,98 g og þyngdarhröðun þeirrar bifreiðar sem M ók hafi numið 1,02 g. Með vísan til þessa útreiknings og annarra gagna málsins hafnaði V greiðslu bóta vegna kostnaðar við gagnaöflun í málinu. Engu að síður muni V endurgreiða útlagðan kostnað vegna fyrstu læknskómu, verkjalyfja og sjúkraþjálfunar sem fallið hafi til á fyrstu 10-12 vikum eftir slysið að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrir úrskurðarnefnd krefst M endurskoðunar á þessari afstöðu V.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skal sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur. Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Í 2.-16. gr. laganna eru nánari fyrir mæli um ákvörðun bóta samkvæmt þeim bótaþáttum sem tilgreindir eru í 1. gr.

Hvað sem líður þeim PC Crash útreikningi sem V aflaði verður ekki fram hjá því litið að læknisfræðileg gögn málsins um þau meiðsl sem M kveðst hafa hlotið við aftanákeyrsluna 1. september 2020 eru mjög takmörkuð og af þeim verður ekki ráðið að hún eigi rétt til bóta samkvæmt ákvæðum skaðabótalaganna. Telst því ósannað að M eigi rétt til frekari bóta en V hefur boðið samkvæmt því sem að framan greinir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.